



Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

Umhverfis- og samgöngunefnd
Alþingi við Austurvöll

Þingskjal 1190 — 711. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Reykjavík, 4. maí 2021

Umsögn og athugasemdir við lagafrumvarp um kolefnishlutleysi

Náttúruverndarsamtök Íslands hafa nýtt sér [umsögn og ábendingar](#) Ólafs S. Andréssonar við gerð þessarar umsagnar (sjá viðauka). Ennfremur taka samtökin undir með Ungum umhverfissinum, ekki síst hvað varðar [fjármögnun aðgerða](#); að útgjöld til málaflokksins þurfa að vera a.m.k. 4% af landsframleiðslu, sbr. [skýrslu IPCC](#), *Global Warming of 1.5 °C*.

Ber bara hálf leið

Náttúruverndarsamtök Íslands telja að frumvarpið um kolefnishlutleysi beri bara hálf leið. Mikilvægt er að lögfest verði að kolefnishlutleysi verði náð árið 2040. Þar með verður allt starf stjórnvalda til að hamla hamfarahlýnun og súrnun sjávar að taka mið af því lagaákvæði, sem er til mikilla bóta.

Á hinn bóginn skortir í frumvarpið ákvæði um að lögfesta landsákvæðið framlag Íslands (e. Nationally Determined Contribution, NDC) um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda fyrir 2030. Ennfremur skortir ákvæði varðandi áætlanir stjórnvalda til langs tíma um litla losun gróðurhúsalofttegunda (e. Long-term Low Emission Development Strategy, LTS), þ.e. hvernig landsákvæðið framlaginu verði náð árið 2030 í áföngum.

Í nýútkominni skýrslu utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra til¹ Alþingis segir:

Stefnt er að kolefnishlutleysi fyrir 2040 með sérstökum áfanga um kolefnishlutleysi losunar á ábyrgð stjórnvalda í kringum árið 2030.

Um þennan sérstaka *áfanga um kolefnishlutleysi losunar á ábyrgð stjórnvalda* sem ná skal í kringum árið 2030 er ekki fjallað í greinargerð með frumvarpinu. Slík viðbót við frumvarpið hefði styrkt það og skýrt. Þess í stað verður það nær því að vera endurtekning á því sem segir í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem „gerir ráð fyrir og stefna að kolefnishlutlausu

¹ <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/05/05/Skyrsla-utanrikis-og-throunarsamvinnuradherra-um-utanrikis-og-althjodamal-2021/>

Íslandi í síðasta lagi árið 2040.”² en vönduð útfærsla á aðgerðum til að draga úr magni losunar fyrir t.d. 2025 eða 2030. Segir einungis, að:

Fram undan er umfangsmikil stefnumótunarvinna um leiðina að kolefnishlutleysi og er langtímaáætlun um litla losun gróðurhúsalofttegunda á grundvelli loftslagssamningsins áfangi.

Af hverju er þeirri stefnumótunarvinnu ekki lokið? Nú er stefnt á að skila á langtímaáætlun Íslands um litla loun gróðurhúsalofttegunda til samningsins fyrir 1. nóvember þegar 26. ársfundur aðildarríkja loftlagssamningsins hefst í Glasgow, en eftir kosningar til Alþingis sem haldnar verða 25. september n.k. Þar með varpar ríkisstjórn Vinstri grænna, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks ábyrgðinni á þá ríkisstjórn sem með réttu á að taka við völdum 1 mánuði áður en stefnt er að skilum á langtímastefnu Íslands til samningsins.³

Langtímaáætlun um litla losun – LTS

LTS er lykilatriði í loftslagsstefnu ríkja eða ríkjasambanda á fyrsta skuldbindingartímabili Parísarsamningsins, 2021–2030. Í athugasemdum með frumvarpinu (hér eftir: greinargerðin) er ekki nægjanlega vel skýrt í upphafi um hvað langtímaáætlun (e. Long-term Low Emission Development Strategy, LTS) snýst og hvernig hún er til komin.

LTS byggist á því að í París var öllum ljóst að samarlög landsframlög aðildarríkjanna, sem kynnt voru í aðdraganda ráðstefnunnar, dygðu vart til að halda hlýnun innan við 3 °C, hvað þá vel undir 2°C. Því var farin sú leið að aðildarríki voru hvött til að uppfæra markmið sín á fimm ára fresti með það að markmiði að halda hækkun hitastigs vel innan við 2 °C og eins nálægt 1,5 °C og unnt væri.

Einnig voru ríkin hvött til þess að tilkynna fyrir lok árs 2020 áætlanir til langs tíma um litla losun gróðurhúsalofttegunda.

Í apríl 2020 hvatti loftslagsráð stjórnvöld til að móta langtímaáætlun um litla losun en ekki hefur heyrst af þeirri vinnu enn.

Ráðherra verður að halda vöku sinni

Í greinargerðinni segir:

Fram undan er umfangsmikil stefnumótunarvinna um leiðina að kolefnishlutleysi og er langtímaáætlun um litla losun gróðurhúsalofttegunda á grundvelli loftslagssamningsins áfangi á þeirri vegferð.

Stefnt er að því að skila langtímaáætlun fyrir fund aðildarríkja samningsins (COP26) í nóvember 2021.

² Sjá: <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/stefnuyfirlýsing/>

³ Aðildarríkin voru hvött til að skila langtímaáætlun um litla losun gróðurhúsalofttegunda á grundvelli loftslagssamningsins fyrir síðustu áramót.

Einnig segir í greinargerðinni að loftslagsráð hafi hvatt stjórnvöld til að

útfæra framtíðarsýn um kolefnislaust Ísland fyrir væntanlega ráðstefnu aðildarríkja loftslagssamningsins, COP26 (e. Conference of the Parties), sem haldin verður í Glasgow í nóvember 2021 en ráðstefnan er hin 26 í röðinni.

Í ljósi þessa – að fram undan sé mikil stefnumótunarvinna og að loftslagsráð hvatti stjórnvöld fyrir heilu ári til útfæra framtíðarsýn um kolefnishlutlaust Íslands – verður að álykta að umhverfisráðherra hafi ekki haldið vöku sinni. Nú á að skila, 11 mánuðum eftir að ríki voru hvött til að skila. Nú er stefnt að því að skila LTS fyrir fund aðildarríkja samningsins (COP26) í nóvember á þessu ári. Því miður verður það ekki fyrr en eftir kosningar, sem er afleið frammistaða af hálfu ríkisstjórnarinnar og helst til þess fallið að komast hjá umræðu um frammistöðu ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum.

Sjá grein eftir undirritaðan í Kjarnanum, „[Af hverju skilar Ísland auðu?](#)“

Staðan

Í [stefnuvfiirlýsingu](#) ríkisstjórnarflokkanna segir:

Ríkisstjórnin stefnir að því að allar stærri áætlanir ríkisins verði metnar út frá loftslagsmarkmiðum. Ívilnanir til nýfjárfestinga byggist á því að verkefni hafi verið metin út frá loftslagsáhrifum og alþjóðlegum skuldbindingum Íslands um samdrátt í gróðurhúsalofttegundum.

Stöðu þessa máls má e.t.v. best lýsa með tveimur ósvöruðum [spurningum](#) Ara Trausta Guðmundssonar alþingismanns til umhverfis- og auðlindaráðherra frá 28. janúar síðastliðnum:

1. Hvernig má tryggja sem best að mat á loftslagsáhrifum margvíslegra lagafrumvarpa og stjórnvaldsáætlana fari fram og sé gert opinbert?
2. Hvernig er unnt að hraða þeim mælingum, mati og rannsóknum á losun gróðurhúsalofttegunda sem nauðsynlegar eru til þess að staðið verði við íslenskar skuldbindingar Parísarsamkomulagsins?

Með öðrum orðum: Enn hefur lítið orðið úr því að allar stærri áætlanir ríkisins verði metnar út frá loftslagsmarkmiðum.

Í álit loftslagsráðs um kolefnishlutleysi segir:


Hemja þarf heimslosunina þannig að hún nái hámarki án frekari tafar. Milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC) hefur að beiðni aðildarríkjanna metið⁴ hver þróunin þarf síðan að vera svo ná megi markmiði Parísarsamningsins. Meginkilaboðin eru þau að helminga þarf heimslosunina 2030 og síðan aftur á hverjum áratug til 2050.

⁴ <https://www.ipcc.ch/sr15/>

Verði þetta frumvarp að lögum verður að ætla að kolefnishlutleysi árið 2040 kalli á a.m.k. helmingun losunar í þeim geirum sem Ísland ber beina ábyrgð á. Um það segir ekkert í greinargerðinni.

Í kafla 2.3. *Yfirlit yfir alþjóðlegar skuldbindingar Íslands* er stutt umfjöllun um hvaða skuldbindingar Ísland hefur undirgengist. Ekki er minnst á samning Íslands við ESB frá árinu 2019 þess efnis að hlutur Íslands í sameiginlegri skuldbindingu ríkja ESB, Íslands og Noregs um 40% minni losun fyrir 2030 miðað við 2005 skuli vera 29%. Þó er það svo að 29 prósentu samdráttur í losun miðað við 2005 er eina skuldbindingin á grundvelli Parísarsamningsins sem Ísland hefur undirgengist um samdrátt í losun.

Í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar frá júní segir: „Gerð verður sérstök áætlun um kolefnishlutleysi.”⁵ Um það markmið eða áætlun segir heldur ekkert í greinargerð með frumvarpinu.



Íþróun í losun á hvern íbúa í Evrópuríkjum á tímabilinu 2000 - 2018

næst segir:

Ísland skilaði uppfærðu landsákvörðuðu framlagi til loftslagssamningsins með formlegum hætti þann 18. febrúar 2021. Þar segir að Ísland stefni að markmiði um 55 prósent minnkun á nettólosun gróðurhúsalofttegunda árið 2030, miðað við 1990, með sameiginlegri framkvæmd með ESB og aðildarríkjum þess og Noregi samkvæmt

⁵ Aðgerðaáætlun bls. 25: <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Adgerdaaetlun%20i%20loftslagsmalum%20onnur%20utgafa.pdf>

ákvæðum samkomulags ríkjanna um samstarf í loftslagsmálum. Jafnframt var greint frá markmiði um kolefnishlutlaust Ísland árið 2040.

Þarna munar fimm árum. Að blanda saman yfirlýsingu Noregs er frá vori 2016 og uppfært landsákvæðað framlag Íslands frá 18. febrúar 2021 er ruglingsleg framsetning.

Tilkynning forsætisráðherra

Í ávarpi sínu á leiðtogafundi um loftslagsmetnað þann 12. desember síðastliðinn kynnti forsætisráðherra að Ísland myndi í samfloti með aðildarríkjum ESB og Noregi draga úr losun um 55% fyrir 2030. Í greinargerðinni er látið að því liggja að tilkynning forsætisráðherra hafi verið uppfærsla á landsframlagi Íslands. Hið rétta er að [landsákvæðað framlag Íslands](#) (e. Nationally Determined Contribution, NDC) var ekki tilkynnt fyrir en 18. febrúar síðastliðinn. Þarna er ekki um að kenna slakri stjórnýslu loftslagsmála heldur skorti á pólitískri forustu.

Kolefnishlutleysi er ekki töfralausn

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kynnt stefna um kolefnishlutleysi árið 2040 en áform um samdrátt í losun voru mun óskýrari. Um þau segir einungis: „Ísland á enn fremur að ná 40% samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda miðað við árið 1990 fyrir árið 2030.“ Notuð er sagnmyndin á en ekki skal.

Í stað þess að setja fram skýr markmið um samdrátt í losun í upphafi kjörtímabilsins stærðu ráðamenn sig af því að Ísland ætlaði að ná kolefnishlutleysi árið 2040, á undan öðrum ríkjum sem lýst höfðu yfir slíku markmiði, „net zero“ eins og það heitir á ensku. Hvergi hafa verið birtar tölur af hálfu stjórnvalda um það hversu mikið þurfi að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2030 né í hvaða áföngum. Trúverðugleiki kolefnishlutleysis-stefnu ríkisstjórnarinnar minnkar fyrir vikið.


Í hugum margra jafngildir [kolefnishlutlevsi eða net zero](#) því að við getum haldið áfram að brenna jarðefnaeldsneyti í vegasamgöngum og fískveiðum en í staðinn ræktað skóg sem á 60 árum til að binda losun dagsins.

Stefna um kolefnishlutleysi Íslands er ósjaldan tengd við gríðarlega möguleika Íslands til að binda kolefni í gróðri, skógi eða með endurheimt votlendis. Þessi hugsun er varasöm og hefur lengi verið tylliástæða ráðamanna fyrir að aðhafast ekkert. Þá ber að hafa í huga að losun frá landi er gríðarlega mikil á Íslandi, eða rúmlega 9 milljónir tonna á ári. Líkt og bent er á hér að neðan mun Ísland skila áreiðanlegum gögnum til loftslagssamnings fyrir árslok 2024. Skuldbinding Íslands felst í að árið 2030 hafi jafnvægi milli losunar og aðgerða til að fjarlægja kolefni úr andrúmsloftinu hafa náð jafnvægi.

1,5 gráða – stefna Íslands

Sem fyrr sagði komu fram á ráðstefnunni í París 2015 mjög sterkar kröfur um að hækkun hitastigs mætti ekki verða meiri en 1,5 °C ella yrðu afleiðingar loftslagsbreytinga óbærilegar.

Línuritið að neðan⁶ sýnir að hraði aðgerða ræðst af því við hvaða hitastigsmörk er miðað. e. *mitigation*: minnkun losunar; „*negative*“ *emission*: binding koltvísýrings. Sjá frekari skýringar í texta á neðan.



Krafan um að Parísarsamningurinn miðaði við að hitnun andrúmsloftsins mætti ekki verða meiri 1,5 °C kom fyrst á fundinum í París frá láglandum eyríkjum (e. Small Island Development States, SIDS) sem flest sökkva í sæ ef hitastig hækkar meira en 1,5 °C. Evrópusambandið og Bandaríkin studdu þessa kröfu og það gerðu einnig Ísland og Noregur, auk fjölda annarra ríkja. Niðurstaðan varð málamiðlun: „vel undir 2 °C miðað við meðalhitastig jarðar eins og það var fyrir iðnvæðingu og fylgja eftir viðleitni til að takmarka hækkun hitastigs við 1,5 °C miðað við meðalhitastig jarðar fyrir iðnvæðingu“.

Í aðdraganda Parísarráðstefnunnar lá fyrir samkomulag um að halda hækkun hitastigs andrúmsloftsins „vel undir 2 °C“ sem er skarpara orðalag en samþykkt var í Kaupmannahöfn árið 2009 um að miða skyldi við 2 °C.

Ísland hefur í tíð ráðuneytis Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, Sigurðar Inga Jóhannssonar, Bjarna Benediktssonar og Katrínar Jakobsdóttir ítrekað lýst yfir þeirri stefnu á alþjóðavettvangi að koma verði í veg fyrir að hitastig andrúmsloftsins hækki ekki meira en sem nemur 1,5°C – miðað við fyrir upphaf iðnbýltingar (1850). Sama viðmið hlýtur að gilda hér heima.

⁶ Sjá <https://council.science/current/blog/climate-scientists-concept-of-net-zero-is-a-dangerous-trap/>

Þá má benda á það sem segir í yfirlýsingu norrænna forsætisráðherra frá 25. janúar 2019 (lbr. okkar):

We will catalyse global mitigation efforts to limit the increase in the global average temperature to 1.5°C in response to the findings of the Intergovernmental Panel on Climate Change Special Report on Global Warming of 1.5°C.

Skýrsla IPCC frá 2018 dregur einnig línuna við 1,5°C. Vísindamenn geta auðveldlega reiknað út hversu miklu magni af gróðurhúsalofttegundum megi blása út í andrúmsloftið til að halda hækkun hitastigs innan við 1,5°C.

Að lokum má benda á að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna segir:

Leiðarljós loftslagsstefnu Íslands er stefnumið Parísarsamkomulagsins frá 2015 um að takmarka hækkun meðalhitastigs andrúmslofts jarðar við 1,5°C.

Raunar er bent á þetta í upphafi greinargerðarinnar.

Náttúruverndarsamtök Ísland undrast að í greinargerðinni er iðulega vísað í máламиðlunina frá París árið 2015 um „að takmarka hnattræna hlýnun við 2 °C og eins nálægt 1,5 °C og hægt er.“ Ekki er það stefna Íslands og verður að breyta því margsinnis hefur komið fram – einkum á alþjóðavettvangi að stefna Íslands er að efri mörkin verði sett við 1,5 °C.

Ekki dugar að ráðamenn lýsi á alþjóðavettvangi stuðningi Íslands við þá niðurstöðu fjölda ríkja og IPCC að hækkun hitastigs um 1,5 °C sé efri þölmörk vistkerfis Jarðarinnar, þ.m.t. súrnun sjávar í Norður-Atlantshafi.

Frumvarpinu hefði þurft að fylgja ítarleg greinargerð um hvers vegna Ísland styður kröfuna um 1,5 °C enda hlýtur sú stefna að treysta forsendur frumvarpsins og það verður að koma fram í greinargerð. Vera má að enn sé kostur á að skýra þessa stefnu með yfirlýsingu frá ráðherra eða einhvers konar skýringu frá ráðuneytinu í nefndaráliti.

Líkt og fram kemur í línuritinu hér að ofan ræðst hraði aðgerða af því við hvaða hitastigsmörk er miðað. ESB ætlar að draga úr losun 55%,⁷ Bandaríkin 50–52%, Kanada um 40% og Noregur segir 50–55% en Norðmenn segja jafnframt að inni í þeirri tölu sé ekki upptaka kolefnis í skógi. Vísindamenn eru þó á einu máli um að bæta verði um betur til að unnt verði að takmarka hækkun hitastigs við 1,5 °C.

⁷ Samdráttur um 55% verður þó einungis 51,5% ef upptaka kolefnis í skógi verður tekin með við endanlegan frágang lagasetningar ESB.

Losun kolefnis frá regnskógum sem eyðast er mjög hátt hlutfall losunar í heiminum eða um 15–20% bera með sér að regnskógarnir á Amasonsvæðinu hafi á undan förnum áratug losað meira magn kolefnis en þeir binda. Við þekkjum þessa sögu hér þótt á minni skala sé. Losun frá landi er gríðarlega mikil á Íslandi og hefur ekki minnkað undanfarna áratugi.

Tilkynning Íslands um uppfærslu landsframlags

Ísland sendi síðan [sína tilkynningu](#) til skrifstofu Rammasamningsins, dags. 18. febrúar. Þar segir almennt um markmið Íslands (e. target), að

Economy-wide, net emission reductions⁸ by at least 55% in 2030 compared to base year emissions. The target covers all sectors and greenhouse gases. Iceland seeks to fulfil the enhanced ambition through climate cooperation with the European Union and Norway. Iceland's enhanced ambition target of 55 per cent net emissions reduction refers to the joint target of the countries involved; the individual share and commitments of each country is then determined by commonly agreed rules.

Hér heima hafa ráðamenn túlkað þetta sem svo að 55% samdráttur verði í samfloti við Evrópusambandið en þó ekki endilega 55%, sbr. síðari hluta tilvitnunarinnar að ofan, enda segir á bls. 2 í tilkynningu Íslands til samningsins að með 55%-markmiðinu sé af Íslands hálfu vísað til hinnar sameiginlegu meðaltölu ESB, Noregs og Íslands; **en hlutur hvers ríkis sé síðan ákvarðaður eftir sérstökum reglum sem samþykktar hafi verið.**

Hver er stefna Íslands?

Af þessu má ráða að samið verði um hlut hvers ríkis fyrir sig. Öfugt við Svíþjóð, Danmörku og Finnland gefur Ísland ekki upp hversu miklum samdrætti er stefnt að fyrir 2030. Það gerir 1. gr. frumvarpsins þeim mun ótrúverðugri.

Á bls. 1 í tilkynningunni segir:

Iceland, along with Norway, will work with the European Union and its Member States in reviewing the relevant provisions of their 2019 agreement, as needed, on climate cooperation to reflect the enhanced emissions target for 2030.

Hlutur Íslands samkvæmt samningnum frá 2019 var 29% en sameiginlegur hlutur ESB, Noregs og Íslands 40%. Ef nýir samningar taka aðeins mið af almennu hækkuninni yrði hlutur Íslands nú um 40% (hækkun úr 29% í tæp 40% fyrir Ísland; $29/40 \times 0,55 = 0,39,9\%$).

Forsætisráðherra, Katrín Jakobsdóttir, hefur nefnt tölur á bilinu 40–45%. Í viðtali við Spegilinn 10. Desember sl. sagði forsætisráðherra:

⁸ „Net emission reductions“ vísar til þess að Ísland ætlar ekki að draga úr losun um 55% heldur nýta aðrar aðferðir sem felast í breyttri landnotkun eða bindingu í bergi.

Í samkomulagi Íslands við ESB er hverju landi svo úthlutað því sem kallað er sanngjörn hlutdeild í sameiginlegu markmiði. Hluttur Íslands í fyrra markmiðinu var um 29 prósent minni losun, en í nýja markmiðinu líklega um 40 til 45 prósent, að sögn Katrínar.⁹

29 prósent, 40 prósent eða 55 prósent

Hvergi í greinargerðinni er minnst á þjóðréttarlega skuldbindingu Íslands um að draga úr losun um 29% fyrir árið 2030 miðað við 2005. Þetta er sérkennilegt en hið sama gildir um grein forsætisráðherra í Morgunblaðinu frá 10. desember sl.¹⁰ Þar er ekki minnst á að 29% samdrátt í losun heldur segir:

Aukinn samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda. Úr núverandi markmiði um 40% samdrátt m.v. árið 1990 í 55% eða meira til ársins 2030, en það markmið tengist samfloti Íslands með ESB og Noregi ,

Staðreynd er að enn sem komið er er 29% samdráttur í losun í þeim geirum sem Ísland ber beina ábyrgð á er hin þjóðréttarlega skuldbinding Íslands.

Ekki fyrr en í aðgerðaáætluninni sem gefin var út 23. júní 2020 kom fram með skýrum hætti að markmið Íslands væri 40% samdráttur en þá hafði ríkisstjórnin þegar samið við Evrópusambandið um 29%. Hafa ber í huga að samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda umfram þau 29% sem samið var um við Evrópusambandið árið 2019 gilda ekki reglur sambandsins.

Stjórnarsáttmálinn er mjög óskýr um hversu mikið Ísland vill draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á fyrsta skuldbindingartímabili Parísarsamkomulagsins. Óljóst segir að Ísland [eigi ennfremur að ná 40% samdrætti](#), sem er ekki markmið heldur mat á getu landsins.

Tölur skortir

Í greinargerðinni segir (lbr. okkar):

Aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum, sem gefin var út í júní 2020 með 48 aðgerðum og unnin í samvinnu fjölmargra hagaðila, [horfir til samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda til ársins 2030](#). Með aðgerðaáætluninni er jafnframt lagður grunnur að því að markmið um kolefnishlutleysi náist 2040. [Ör samdráttur í losun](#) skiptir þar mestu fram til ársins 2030 en einnig að leggja grunn að aukinni bindingu kolefnis úr andrúmslofti¹¹ til að losun kolefnis frá landi verði í jafnvægi við það magn sem hægt er að binda með aðgerðum í landnotkun, svo sem skógrækt og landgræðslu.

⁹ Skoðað 10. maí 2021: <https://www.ruv.is/frett/2020/12/10/loftslagsmarkmidid-nu-55-minni-losun-2030?term=Katr%C3%ADn%20Jakobsd%C3%B3ttir&rtype=news&slot=283>

¹⁰ <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/12/10/Ny-metnadarfull-markmid-i-loftslagsmalum-kynnt/>

¹¹ Er hér átt við Carbfix? Ef svo, þá er betra að segja það skýrt.

Orðalag á borð við „horfir til samdráttar“ eða „ör samdráttur“ hafa lítið innihald ef ekkert segir um hvert markmið Íslands er, magnbundið og tímasett. Er það 40% samdráttur? Eða 55% samdráttur?

Umhverfisstjórn ber að leggja fram skýra stefnu með áreiðanlegum tölum.

Náttúruverndarsamtök Íslands taka undir með Ólafi S. Andrésyni sem segir í umsögn sinni:

Endanleg tala verður að liggja fyrir í long-term low greenhouse gas emission development strategy fyrir Ísland. Svíþjóð og nokkur önnur lönd skiluðu fyrir áramót – líkt og þau voru hvött til – en Ísland ekki.

Vafasamar fullyrðingar

Eftirfarandi málsgrein á bls. 10 í greinargerðinni stenst ekki:

Ísland hefur metið ávinning af kolefnisbindingu með skógrækt og landgræðslu samkvæmt reglum Kýótó-bókunarinnar en samkvæmt henni er hægt að nýta þann ávinning á móti losun í öðrum flokkum.

Enda segir neðar á sömu síðu:

Hvað varðar landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt ríkir hins vegar enn mikil óvissa um mat á losun og bindingu og gildir það bæði um stöðuna hérlendis og á alþjóðavísu.

Á bls. 74 í aðgerðaáætluninni frá 2020 segir:

Árið 2020 verður stuðningur aukinn við grunnrannsóknir á eðli losunar og bindingar gróðurhúsalofttegunda í landi og vegna landnotkunar. Auknu fjármagni verður varið til að styrkja bókhald vegna landnotkunar og tryggja að Ísland uppfylli kröfur Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna og reglur Evrópusambandsins þar að lútandi.

Skógræktin hóf að meta bindingu með skógrækt um síðustu aldamót í samræmi við ákvæði Kyoto-bókunarinnar en Landgræðslan hefur ekki lokið sínu verki, líkt og fram kemur í aðgerðaáætluninni. Á hinn bóginn fékkst aukið fjármagn árið 2020 til að lagfæra bókhaldið.

Neðst í kafla 3.4, Öflun upplýsinga um losun og bindingu frá landi, segir (lbr. okkar):

Mikilvægt er að geta talið fram losun og kolefnisbindingu vegna mannglegra athafna á sviði landnotkunar á sama hátt og frá öðrum uppsprettum. Það er hins vegar vandkvæðum bundið eins og stendur varðandi alla landflokka á Íslandi og því rétt að endurskoða þátt landnotkunar og skógræktar við útfærslu á markmiði um kolefnishlutleysi þegar frekara mat liggur fyrir. Fyrirhugað er á þessu ári að veita sérstöku fjármagni til þess að styrkja grunnrannsóknir á sviði kolefnisbindingar í gróðri og jarðvegi, rannsóknir sem munu til lengri tíma skila mikilvægri þekkingu.

Upplýsingar til skrifstofu loftslagssamningsins

Samkvæmt þeim [upplýsingum](#) sem Ísland sendi Samningnum 18. febrúar síðastliðinn um uppfært landsmarkmið gildir þetta.¹²

Iceland provides only partial information in LULUCF¹³ accounting to the Convention, as sufficient knowledge on carbon budgets for all land types is not available. Efforts are under way to improve LULUCF accounting and strengthen its scientific underpinnings, to ensure that Iceland fulfils the requirements of the EU LULUCF Regulation No 2018/841


Einnig, að

Current approach is in accordance with methodologies and common metrics assessed by the IPCC (see 5 (d), below). It is foreseen that, at the latest by 31 December 2024, the approach will be in accordance with the accounting guidance for NDCs contained in Annex II of decision 4/CMA.1

Miðað við þessar upplýsingar að ofan úr greinargerðinni og tilkynningu Íslands til skrifstofu loftslagssamningsins frá 18. febrúar virðist enn langt í land að fullnægjandi upplýsingar liggi fyrir um losun frá landi. Þó ekki síðar en við árslok 2024. Þar með er markmið ríkisstjórnarinnar um að kolefnishlutleysi verði náð árið 2040 í uppnámi.

Óskýrar tölur um samdrátt og losun frá landi draga úr trúverðugleika frumvarpsins.

F.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands



Arni Finnsson

¹² Update of the Nationally Determined Contribution of Iceland, Communicated to the UNFCCC on February 18, 2021

¹³ LULUCF vísar til Land Use, Land Use Change and Forestry. Alla jafna er talað um breytta landnotkun sem valdi meiri eða minni losun frá landi.

Viðauki

Náttúruverndarsamtök Íslands taka undir Umsögn og ábendingar Ólafs S. Andréssonar í Viðauka¹⁴ hér að neðan:

Ábendingar

Í samráðsgátt bárust ábendingar, m.a. frá Umhverfisstofnun, um veikleika þess að miða við tiltekið ár, þ.e. 1990, þegar nettólosun vegna landnotkunar væri metin. Brugðist var vel við og þessi ársetning felld út. Engu að síður virðist enn ætlunin að miða við tiltekið ár við þessa útreikninga sbr. eftirfarandi setningu í greinargerðinni:

*„Þær [skuldbindingar SP til 2030] fela í sér samdrátt í losun sem fellur undir fyrstu fjóra flokkana hér að ofan og að sjá jafnframt til þess að lágmarki að nettólosun frá landnotkun, breyttri landnotkun og skógrækt (e. land use, land use change and forestry, LULUCF), það er losun gróðurhúsalofttegunda að frádreginni bindingu kolefnis, **verði ekki aukin.**“*

Þetta er ekki í samræmi við 2. gr. frumvarpsins þar sem segir um kolefnishlutleysi 2040:

„... jafnvægi hefur náðst milli losunar gróðurhúsalofttegunda og bindingar kolefnis af mannavöldum ...“

Landnotkun er EKKI undanskilin í 2. gr. þessa frumvarps, og þar er ekki sett viðmiðunarár til að reikna nettólosun vegna landnotkunar. Hér þarf því að koma skýrt fram að í þessu frumvarpi séu ekki sett tímamörk til viðmiðunar fyrir losun gróðurhúsalofttegunda vegna landnotkunar, heldur verði að ákvarða hve mikið af nettólosun vegna landnotkunar (LULUCF) er af mannavöldum – og hana verði að jafna með bindingu til að kolefnishlutleysi sé náð.

Þetta er einnig undirstrikað með eftirfarandi setningum í greinargerðinni:

„Til að ná kolefnishlutleysi skiptir mestu máli að draga hratt úr losun en ljóst er að bætt landnotkun, aukin endurheimt vistkerfa og skógrækt mun skipta miklu máli varðandi kolefnishlutleysi.“

„Losun frá landnotkun, breyttri landnotkun og skógrækt á Íslandi er hlutfallslega mikil í heildarlosun samanborið við önnur ríki. Mikilvægt er að útfæra þann þátt nánar gagnvart kolefnishlutleysi þegar meiri þekking liggur fyrir og þegar aðferðafræði ESB og loftslags-samningsins skýrist.“

Nú þegar er ljóst að losun af mannavöldum er langt umfram fyrirsjáanlega bindingu á næstu árum og því er engin ástæða til að draga aðgerðir!

¹⁴ <https://www.althingi.is/alttext/erindi/151/151-2637.pdf>

Jafnframt stendur:

„Hafa ber í huga að ekki er búið að ákveða hvort og þá hvernig kolefnishlutleysi verður gert upp gagnvart loftslagssamningnum og ekki er heldur ljóst hvort unnið verði að því að ná markmiði Íslands um kolefnishlutleysi í samvinnu við Evrópusambandið. Nauðsynlegt er því að taka tillit til þess að leikreglur á alþjóðavettvangi eiga eftir að skýrast enn frekar á komandi árum.“

Þetta er fyrirsláttur. Aðgerðir þola enga bið og árangur ræðst ekki af markmiðum eða leikreglum annarra ríkja.

Þá stendur:

„Vegna þessa er losun ríkja í alþjóðlegum samanburði yfirleitt tilgreind án landnotkunar og skuldbindingar og losunarbókhald varðandi skógrækt og landnotkun aðskilið frá öðrum uppsprettum. Stór hluti bókfærðrar losunar frá landnotkun á Íslandi er arfleifð frá fyrri tímum, einkum framræslu votlendis.“

Vert er að minna á að í frumvarpinu sjálfu er losun af mannavöldum vegna landnotkunar ekki undanskilin markmiði um kolefnishlutleysi. Viðhorf og skilningur á þætti landnotkunar hafa breyst mikið frá tímum Kyoto-bókunarinnar. Og að við berum líka ábyrgð á syndum feðranna, og höfum bæði siðferðilega og praktíska skyldu til að bæta fyrir öll þau mannlegu umsvif sem leitt hafa til loftslagsbreytinga, hvaða nafni sem þau umsvif heita.

Þá stendur:

„Mikilvægt er að geta talið fram losun og kolefnisbindingu vegna mannglegra athafna á sviði landnotkunar á sama hátt og frá öðrum uppsprettum. Það er hins vegar vandkvæðum bundið eins og stendur varðandi alla landflokka á Íslandi ...“

Þetta er ofsagt ef ekki beinlínis rangt. Getan og tæknin er fyrir hendi og það eru ekki sérstök vandkvæði á mælingum. Málið er að framkvæma tilhlýðilegar mælingar, og það sem fyrst.

Einnig stendur:

„Fyrirhugað er á þessu ári að veita sérstöku fjármagni til þess að styrkja grunnrannsóknir á sviði kolefnisbindingar í gróðri og jarðvegi, rannsóknir sem munu til lengri tíma skila mikilvægri þekkingu.“

Hér ætti að taka fram að til er gróft bráðabirgðamat á losun frá landi sem hægt er að taka mið af í upphafi aðgerða. Þegar lengra líður koma nákvæmari upplýsingar fram og þá er hægt að taka mið af þeim. Það eru engin haldbær rök fyrir því að bíða átektu þar til meiri upplýsingar

liggja fyrir. Einnig er mikilvægt að styrkja greiningu á því hve stór hluti losunar frá landnotkun er af mannavöldum, og hve mikið af öðrum orsökum.